



Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða

Aðalfundur Upplýsingar
11. maí 2016

Fundarstaður: Bókasafn Kópavogs Hamraborg, Hamraborg 6a, 200 Kópavogi.
Fundarstjóri: Kristjana Nanna Jónsdóttir.
Fundarritari: Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar.
Mættir voru 21 félagi.

Upplýsing boðaði til þessa aðalfundar þann 14. apríl 2016 en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

Dagskrá:

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 17:35 og tilnefndi Kristjönu Nönnu Jónsdóttur sem fundarstjóra og Kristjönu Mjöll Jónsd. Hjörvar sem fundarritara og var það samþykkt.

a) Skýrsla stjórnar

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2015-2016. Haldnir voru 9 stjórnarfundir á starfsárinu og eru félagar í Upplýsingu um það bil 435 og þar af eru 49 stofnanir. Haldin voru fjögur Morgunkorn þetta starfsár ásamt heimsókn til Bókabæjanna austanfjalls og jólagleði eins og venja er. Í ár var lögð áhersla á að streyma Morgunkornum beint á Netinu og er þetta liður til þess að auka þjónustu við þá féлага sem ekki eiga heimangengt vegna búsetu eða starfs.

Að lokum þakkaði formaður stjórninni og öðrum þeim sem unnið hafa fyrir Upplýsingu fyrir þeirra framlag og nefndi að rafrænt afrit af ársskýrslunni yrði birt á vef Upplýsingar.

Skýrsla stjórnar: Samþykkt.

b) Skýrslur hópa og nefnda

Skýrslur hópa og nefnda verða ekki fluttar munnlega. Gert er grein fyrir starfi þeirra í ársskýrslu félagsins sem birt verður á vef Upplýsingar.

c) Reikningar félagsins

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir formaður og Helga Halldórsdóttir gjaldkeri gerðu saman grein fyrir reikningum félagsins þar sem Helga tók seint á starfsárinu við stöðu gjaldkera af Sigríði. Fram kom að samkvæmt ársreikningum er tap á rekstri félagsins að upphæð 889.250kr sem gefi þó ekki rétta mynd af fjárhagsstöðu félagsins því reikningar sem eru í vörslu félagsins og í raun félaginu óviðkomandi, séu að skekkja stöðuna. Tap félagsins sé því langt frá því að vera eins og ársreikningar gefa í skyn. Sigríður nefndi að tillaga stjórnar til að koma í veg fyrir svona skekkju í framtíðinni yrði tekin upp undir önnur mál.

Umræður: Rætt um að þeir stjórnarmeðlimir sem fari á IFLA þing á vegum Upplýsingar ættu að skrifa grein um þingin í Bókasafnið, tímarit félagsins. Kristjana Mjöll, ritari stjórnar Upplýsingar og fundarritari svaraði því til að það yrði gert eftir komandi IFLA þing í ágúst nk. og mögulega myndi eitt af Morgunkornum næsta starfsárs snúast um ferðina.

Reikningar félagsins: Samþykktir.

d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs var lögð fram til kynningar af Sigríði Júlíu Sighvatsdóttur formanni upplýsingar. Styrkir uppá 1.8 milljón króna hafa borist Upplýsingu sem eyrnamerkir eru fyrir Bókasafnsdaginn 2016 og til að efla erlent samstarf Upplýsingar en áætlað er að styrkirnir standi straum af kostnaði við IFLA þingið sem haldið verður í Bandaríkjunum í ágúst en þar mun Upplýsing m.a. halda fræðslufund í samstarfi við bókavarðafélag Noregs og af fundi fulltrúa Norrænna bókavarðafélaga sem verður í Stokkhólmi í byrjun næsta árs.

e) Árgjald.

Stjórn Upplýsingar mælir með óbreyttu árgjaldi. Almennir félagar greiða 7.000kr, stofnanir 14.000kr og nemendur í upplýsingafræði 3.500kr

Árgjald: Samþykkt.

f) Lagabreytingar.

Tvær tillögur að lagabreytingum bárust of seint fyrir aðalfund félagsins í fyrra fyrir starfsárið 2014-2015 og voru því lagðar fram á aðalfundi félagsins fyrir starfsárið 2015-2016. Báðar tillögurnar sneru að viðbótum við löginn og voru lagðar fram af Gunnhildi Björnsdóttur og Önnu Jónu Lýðsdóttur sem voru skoðunarmenn reikninga félagsins starfsárin 2013-2014 og 2014-2015. Sigríður Júlía Sighvatsdóttir formaður kynnti tillögurnar þar sem hvorki Gunnhildur Björnsdóttir né Anna Jóna Lýðsdóttir voru ekki viðstaddir.

Fyrri tillagan fjallaði um skoðunarmenn reikninga en ekkert ákvæði er um skyldur skoðunarmanna reikninga í lögum félagsins. Tillagan var eftirfarandi:

Kafli VI. Fjármál. 10 gr. – Skoðunarmenn. Skoðunarmenn skulu yfirfara ársreikning og kanna bókhaldsgögn (fylgiskjöl) félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Skoðunarmenn skulu staðfesta þá vinnu með undirskrift og dagsetningu á ársreikning eða fylgiskjal með ársreikningi og telst undirskrift hluti ársreiknings. Ef skoðunarmenn telja að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikning eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef talið er að fyrir liggja atvik sem varðað geti stjórnendur og ábyrgð skal vekja athygli á því.

Stjórn Upplýsingar lagði til að ákvæði um skoðunarmenn yrði gerð að verklagsreglu og væri sett í handbók stjórnar en ekki í lög félagsins. Þar sem ekki var gert grein fyrir tillögu stjórnar í aðalfundarboði var ekki hægt að setja hana löglega fram á fundinum.

Breytingartillagan var lögð fram og henni **hafnað**.

Fundarmenn voru sammála tillögu stjórnar og lögðu sjálfir fram tillögu þess efnis að ákvæði um skoðunarmenn yrði gerð að verklagsreglu sem færð yrði inn í handbók stjórnar.

Tillagan var **samþykkt samhljóða**.

Seinni tillagan fjallaði um að laun og þóknanir stjórnarmanna ættu að vera ákveðin á aðalfundum félagsins og að gert yrði grein fyrir því í lögum félagsins með því að bæta eftirfarandi ákvæði inn í lög þess.

Kafli IV. Stjórn og stjórnarstörf. 8. gr. – Þóknun. Aðalfundur ákveður laun og þóknanir til stjórnarmanna.

Stjórn Upplýsingar kom með athugasemd að laun og þóknanir til stjórnarmanna hafi ávallt verið ákveðin á aðalfundum félagsins þó ekki sé gert grein fyrir því í lögum félagsins og sjálfsagt sé að setja ákvæði inn í lögum þess efnis. Breytingartillögunni var **hafnað**.

Fundarmenn leggja til að ákvæði um laun og þóknanir stjórnarmanna verði sett í kafla 5, grein 8, lið d. Liðir sem á eftir koma færast niður um einn bókstaf, sá liður sem nú er d liður verði e liður og svo framvegis.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður, lagði fyrir hönd fundarmanna fram svohljóðandi breytingatillögu á kafla 5 grein 8:

Nýr d-liður. Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna

Breytingartillaga fundarmanna **samþykkt**.

g) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir, Bergljót Tul. Gunnlaugsdóttir og Helga Halldórsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Áfram í stjórn sitja Jóna Guðmundsdóttir og Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar.

Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar bauð sig fram í stöðu formanns.

Framboð: Samþykkt

Alda Davíðsdóttir, Magný Rós Sigurðardóttir og Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir buðu sig fram til setu í stjórn.

Framboð: Samþykkt

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir og Helga Halldórsdóttir buðu sig fram sem varamenn.

Framboð: Samþykkt.

h) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Sveinn Ólafsson hefur sinnt hlutverki skoðunarmanns reikninga og gaf ekki kost á sér áfram. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Kristín Björgvinsdóttir buðu sig fram.

Framboð: Samþykkt.

i) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.

Útgáfunefnd.

Sveinn Ólafsson, Gunnhildur Björnsdóttir, Erlendur Már Antonsson, Helgi Sigurbjörnsson og María Bjarkardóttir sátu í útgáfunefnd Upplýsingar 2015-2016. Sveinn og Gunnhildur gáfu áfram kost á sér en Erlendur, Helgi og María gengu úr nefndinni. Jóna Kristín Ámundadóttir bauð sig fram til setu í útgáfunefnd. Framboð hennar var **samþykkt** og stjórn Upplýsingar falið að finna fleiri í útgáfunefndina þar sem fleiri framboð bárust ekki.

Uppstillingarnefnd.

Engin framboð bárust í uppstillingarnefnd. Fundarmenn fala stjórn það verkefni að finna fólk í uppstillingarnefnd.

Höfundaréttarnefnd.

Óli Gneisti Sóleyjarson og Hrafn Malmquist gefa kost á sér til áframhaldandi setu í nefndinni. Ólöf Benediktsdóttir og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir ganga úr nefndinni. Engin framboð bárust og fela fundarmenn stjórn Upplýsingar það verkefni að finna fólk í höfundaréttarnefnd.

j) Önnur mál.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir lagði fram tillögu um að reikningar sem eru í vörslu Upplýsingar verði teknir út úr ársreikningum Upplýsingar þar sem þeir hafi áhrif á og skekki niðurstöðu ársreikninga félagsins. Vörslureikningarnir verði áfram hjá Upplýsingu og þeir kynntir á aðalfundum en að þeir verði aðskildir frá ársreikningum félagsins.

Umræður: Rætt var um vörslureikning sem sagður er innihalda fé vegna náms í bókasafnstækni sem kennt var í Borgarholtsskóla. Þórdís T. Þórarinsdóttir sagði að allt það fé hefði verið nýtt en mögulega gæti þetta verið ávöxtun af smávægilegu afgangsfé þar sem talsvert er síðan að þetta nám var í boði. Nýjum gjaldkera Upplýsingar er fengið það verkefni að finna út úr uppruna þessa fés.

Tillaga samþykkt.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir lagði fram þá tillögu að farið sé í að skoða lög félagsins. Margt sem nú væri í lögum samræmist ekki starfsemi félagsins enda 7 ár síðan lögin hefðu verið yfirfarin síðast. Ekki væri verið að tala um róttækar breytingar. Lagt var til að stjórn Upplýsingar skipi lagabreytinganefnd.

Tillaga samþykkt.

Nýr heiðursfélagi Upplýsingar: Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir fráfarandi formaður skýrði frá því að félaginu hefði borist tilnefningar um nýjan heiðursféлага Upplýsingar og hlaut Þórdís T. Þórarinsdóttir flestar tilnefningar en hún hefur verið frá upphafi ötull talsmaður fags og stéttar. Sigríður Júlía fór yfir starfsferil Þórdísar og afhenti henni viðurkenningu og blómvönd fyrir hönd félagsins. Þórdís ávarpaði fundinn og þakkaði fyrir sig.

Fundi var slitið 19:06 og félagsmönnum boðið að þiggja veitingar.